

Verkábyrgðartrygging

Skilmáli nr. A-5

Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

Í váttryggingarskilmálum þessum eru orðin "félagið" og "váttryggingartaki" notuð í þeirri merkingu er þau hafa samkvæmt 2. gr. laga nr. 30 frá 2004 um váttryggingarsamninga. Orðin "verktaki" og "verkkaupi" eru notuð í þeirri merkingu er þau hafa samkvæmt 1. kafla ÍST 30, almennra útboðs- og samningsskilmála um verkframkvæmdir.

1. gr. Gildissvið

Félagið ábyrgist greiðslu á tjóni sem verkkaupi verður fyrir, þó aldrei hærrí fjárhæð en getur í ábyrgðaryfirlýsingu, efni verktaki ekki skyldur sínar samkvæmt samningi verktaka og verkkaupa. Um váttryggingu þessa gilda váttryggingarsamningalögin nr. 30 /2004, þessir almennu skilmálar, svo og þeir sérstöku skilmálar og viðaukar sem kunna að koma fram í váttryggingarskírteininu. Einnig gildir íslenski staðallinn, ÍST 30, almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir, eftir því sem við á.

2. gr. Gildistími

Váttrygging gildir þar til verktaki hefur skilað af sér verkinu og síðan í 12 mánuði fram yfir verklok, sé ekki um annað samið. Verkinu telst skilað þegar úttekt hefur farið fram, sbr. gr. 28.7 í ÍST 30. Váttryggingartaki skal senda félaginu staðfestingu á úttektinni.

3. gr. Endurkrafa

Váttryggingartaki skuldbindur sig til að endurgreiða félaginu þær greiðslur sem það kann að þurfa að inna af hendi vegna váttryggingarinnar. Vextir reiknast af öllum greiðslum félagsins. Endurkrafa félagsins samkvæmt þessu ákvæði skal greiddast þegar félagið gerir kröfu þar að lútandi.

4. gr. Tryggingarráðstafanir

Ef váttryggingartaki eða aðrir leggja fram veð eða ábyrgjast kröfu þá er félagið kann að eiga á hendur váttryggingartaka vegna váttryggingarinnar getur félagið gengið að hvaða veði eða ábyrgðarmanni sem er, þurfi félagið að inna af hendi greiðslu vegna hennar. Ef veð rýrnar eða hætta er á að það rýrni getur félagið krafist þess að nýtt veð verði sett eða annað til viðbótar. Ef aðrar tryggingarráðstafanir sem settar hafa verið reynast ófullnægjandi, getur félagið sömuleiðis krafist nýrra ábyrgða eða veða til viðbótar eða í staðinn.

5. gr. Breytingar á verki

Ef verktíminn framlengist og þar með gildistími váttryggingarinnar, eða aðrar breytingar verða á verki, þá geta ábyrgðarmenn eða veðsalar ekki krafist þess að verða leystir undan skyldum sínum. Telji félagið tryggingar ekki nægilegar við þessar aðstæður getur það krafist nýrra trygginga í staðinn fyrir eða til viðbótar þeim er fyrir voru.

6. gr. Váttryggingar

6.1 Sá sem leggur til veð er skylt að kaupa og viðhalda venjulegum og eðlilegum váttryggingum á því.

6.2 Váttryggingartaki skal kaupa og viðhalda váttryggingum sem eðlilegar og venjulegar eru fyrir verktakastarfsemi, s.s. ábyrgðartryggingu, slysatryggingu og öðrum viðhlítandi váttryggingum. Váttryggingar þessar skal kaupa hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Félagið má kaupa slíkar váttryggingar fyrir hönd þess sem skylt var að gera það, séu ekki lögð fram gögn um að slíkar váttryggingar séu fyrir hendi.

7. gr. Ársreikningar

Á meðan váttrygging þessi er í gildi skal váttryggingartaki, að loknu reikningsári, senda félaginu ársreikninga sína, undirritaða af löggiltum endurskoðanda.

8. gr. Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningur milli verkkaupa og verktaka um rétt verkkaupa til fjárhæðarinnar samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni fer um ágreiningsmál þeirra samkvæmt 33. kafla ÍST 30, hafi aðilar ekki samið um annað. Komi upp ágreiningur milli félagsins annars vegar og váttryggingartaka, ábyrgðarmanna og/eða veðsala hins vegar skal reka slík mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur eða Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01. 2006